



ADALSTÖÐVAR  
HEADQUARTERS: KELDNAHOLT, IS-112 REYKJAVÍK, ICELAND  
KENNITALA  
I.D. no.: 530269-3109

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 126/2784*  
*komudagur 29.6.2001*

SÍMI  
TELEPHONE: (354) 577 1010  
MYNDSENDIR  
TELEFAX: (354) 577 1020  
REYKJAVÍK,

25-06-01  
144/

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

### Tillaga til þingsályktunar um landgræðsluáætlun 2002-2013, 637. mál.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins gerir nokkrar veigamiklar athugasemdir við fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu og gerir það að tillögu sinni að hún verði endurskoðuð í ljósi þeirra.

Athugasemdir stofnunarinnar beinast einkum að þeim þáttum í áætluninni sem varða rannsóknir, þróun og fræðslu.

Samkvæmt lögum um Rannsóknastofnun landbúnaðarins nr. 64/1965 ber stofnuninni að annast „*Rannsóknir á orsökum þess, að landgræði spillast eða landnytjar ganga úr sér, og gera tilraunir með varnaðarráðstafanir*“.

Í lögum um landgræðslu (40gr 17/1965) segir: „*Rannsóknastofnun landbúnaðarins ber að annast rannsóknir á beitarpóli og orsökum gróðureyðingar og skal fela henni að framkvæma þær rannsóknir, sem rætt er í 7., 22. og 23 grein þeirra laga.*“ Meðal annars er kveðið á um að RALA skuli í samstarfi við Landgræðslu ríkisins leita eftir nýjum plöntutegundum sem vænlegar eru til landgræðslu.

Ofangreind lög beggja stofnananna hafa mótað starfsáætlun Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á liðnum árum eins og eðlilegt er. Mjög mikið hefur farið fyrir verkefnum sem tengjast landnýtingu og uppgræðslu í starfseminni og er svo enn. Fengu þau verðuga umfjöllun í úttekt á árangri sem náðist af þjóðargjöfni svonefndu og þeim landgræðsluáætlunum sem fylgdu í kjölfarið. RALA var virkur aðili að því starfi ásamt Landgræðslu ríkisins Skógrækt ríkisins og Búnaðarfélags Íslands. Nú er í gangi umfangsmikið verkefni, Nytjaland, sem miklar vonir eru bundnar við. Hefur stofnunin þar notið stuðnings landbúnaðarráðuneytis, Rannís, Framleiðnissjóðs landbúnaðarins og Íslenska upplýsingasamfélagsins sem ríkisstjórnin stendur að. Verkefnið er unnið í nánú samstarfi við Landgræðsluna og Bændasamtök Íslands. Önnur verkefni sem nefnd eru í hafa verið og eru á verkefnaskrá RALA. Það vekur því athygli að stofnunin skuli ekki hafa verið kölluð til við gerð eða að því er virðist ætlað hlutverk í þeirri áætlun sem hér er til umfjöllunar.

Á síðustu árum hafa orðið verulegar breytingar í íslenska rannsóknarumhverfinu. Það á ekki síður við um landbúnað en önnur svið samfélagsins. Mikilvægasti atburðurinn í þeirri þróun var stofnun landbúnaðarháskóla á Hvanneyri með lögum um búnaðarfræðslu nr.57/1999. Í þeim lögum er landbúnaður skilgreindur mjög víðtækt eins og ótvírætt kemur fram í markmiðsgrein laganna. Þar segir m.a. í 3.grein: „*Með búnaðarfræðslu er átt við skipulegt nám og kennslu, rannsóknir, fræðslu og aðra leiðsögn er lýtur að vörslu, meðferð, ræktun og nýttun lands, annarra jarðargæða og búfjár til framleiðslu matvæla og hráefna til iðnaðarframleiðslu eða nnarrar verðmætasköpunar og markaðssetningu þeirra afurða, svo og verndun lands og endurheimt landkosta.*“ Í þessari skilgreiningu felst sú framtíðarsýn að landbúnaður er hvers konar búskapur þar sem landið er nýtt sem auðlind. Landbúnaður er einnig varðveisla og verndun landkosta, því fagþekking á sviði landbúnaðar er nauðsynleg svo unnt sé að skila landinu til komandi kynslóða í jafngóðu eða betra ástandi en tekið er við því.

Ný búfræðslulög hafa orðið hvati að auknu og mjög nánun samstarfi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Má nefna að nú er unnið að sameiginlegri stefnumörkun stofnananna beggja á sviði rannsókna. Þegar er náði samstarf á sviði nútækni, sauðfjárræktar og nautgriparræktar og fyrirsjáanlegt að landnýting og hverskyns önnur notkun landnytja fellur undir umboð skólans með sama hætti og RALA. Það hvetur því til náins samstarfs stofnananna beggja, einnig á þessu sviði. Landbúnaður er öðrum þræði verndun landkosta og skólinn verður að taka á öllum þáttum auðlindahagfræðinnar og vistbókhalds samhliða hefðbundnum búrekstrarfræðum í uppbyggingu fræðslu og rannsókna.

Samkvæmt þingsályktuninni verður ekki betur séð en að stefnt sé að uppbyggingu nýrrar rannsókna- og fræðslustofnunar til hliðar við Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Er það í ósamræmi við yfirlýstan vilja löggjafans með stofnun Landbúnaðarháskólans eins og að framan er rakið.


Samkvæmt lögum er Landgræðsla ríkisins framkvæmda- og eftirlitsstofnun og fer með stjórnvaldsumboð hvað varðar marga þætti í nýtingu og ráðstöfun lands. Það er ekki heppilegt að sama stofnunin fari með eftirlits- og úrskurðarvald, sinni verklegum framkvæmdum auk þess að stýra þeim rannsóknum sem liggja til grundvallar ákvörðunum og við mat á árangri. Í þessu sambandi er rétt að vísa til stjórnsýsluendurskoðunar sem Ríkisendurskoðun vann og birtist í janúar 1993. Þar er tekið mjög fast á ofangreindum atriðum sem þó virðist ekki fylgt eftir í starfsemi Landgræðslu ríkisins. Einnig er rétt að vísa til nýlegrar stefnumörkunar Rannsóknarráðs Íslands. Þar er m.a. lögð áhersla á mikilvægi þess að áfram verði unnið að því að aðskilja stjórnvaldshlutverk frá rannsóknar- og þróunarhlutverki stofnana. Þannig hafi sama stofnun ekki með höndum opinbert stjórnvaldshlutverk ásamt því að sinna þjónustu- eða rannsóknum sem viðkomandi stofnun varða. Þingsályktunartillagan virðist ganga gegn þessum markmiðum. Rétt er að minna á að hliðstæð umræða ásér nú stað varðandi rannsóknir og stjórnun á nýtingu auðlinda sjávar.

Það vekur athygli að í þingsályktunartillögunni er lítil áhersla lögð á samstarf við stofnanir landbúnaðarins þó það sé nefnt um leið og þess er getið að unnið skuli náði

með erlendum stofnunum. Stofnanir á vegum umhverfisráðuneytis eru hins vegar nefndar með nafni og lýst ásetningi um náð samstarf þar sem slíkt þætti æskilegt.

Margt er gott um þessa landnýtingaráætlun þó hér hafi einkum verið rýnt í þá þætti sem varðar aðkomu Landgræðslunnar að rannsóknastarfinu vegna lagaumgerðarinnar og forsögunnar. Skírskotun til landbúnaðarins kemur víða fram þó sumt sé á veikum grunni svo sem rökstuðningur um mikilvægi áætlunarinnar fyrir þróun á lífrænum búskap. Helstu ágallar áætlunarinnar eru hins vegar að ekki er vel skilgreint hvaða árangri skuli náð eða hvernig staðið verður að mati á árangri. Slík gagnrýni kom greinilega fram þegar árangur þjóðargjafarinnar til landgræðslu var metinn á sínum tíma og þyrfti að taka mið af því.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins lýsir áhuga sínum á því að koma að verki við endurgerð landgræðsluáætlunar og leggja þessu málefni allt það lið sem hún má. Það er einlæg skoðun stofnunarinnar að landgræðslustarfið hvort sem það beinist að hefðbundnu starfi landgræðslunnar eða í skógrækt verði unnið í nánú í samhengi við fjölþætt hlutverk landbúnaðar til framtíðar.



Þorsteinn Tómasson  
-forstjóri-